

Fundargerð 44. stjórnarfundar Vestfjarðastofu & Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi 23. febrúar kl 14.00

Mætt til fundar Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Iða Marsibil Jónsdóttir, Neil Shiran Þórisson, Þórir Guðmundsson, Daníel Jakobsson, Aðalbjörg Óskarsdóttir og Kristján G Jóakimsson. Áheyrnarfulltrúar Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhrepp og Jón Jónsson, Strandabyggð. Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

Formaður kannaði fundarboð, engar athugasemdir komu fram og setti formaður þá fundinn.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Starfsmannamál – ráðning markaðsfulltrúa
3. Ársfundur Vestfjarðastofu
4. Málþing um orkumál í kjölfar 67. Fjórðungsþings

Fundur stjórnar FV

5. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2022
6. Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða – C1
7. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga
8. Lagt fram til kynningar
 - a. Fundargerð 73. fundar stjórnar SSVN 1. febrúar 2022
 - b. Fundargerð – 34. fundar stjórnar SSNE 9. feb 2022
 - c. 123. stjórnarfundur Austurbrúar 8. nóvember 2021
 - d. 578. stjórnarfundur SASS. 4. feb 2022
 - e. 536. Stjórnarfundur SSH 07. feb 2022 -
 - f. Fundargerð 78. fundar Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál 1. febrúar 2022 – í gögnum fundar
9. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 1. Samráðsgátt 21/2022. Umsögn varðandi áform um gerð frumvarps til breytinga á lögum um niðurgreiðslu húshitunar.
 2. Mál 171 – þing 152, Umsögn, hringtenging rafmagns á Vestfjörðum.
 - b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til **frumvarp til laga um breytingu á loftslagsmál (aukinn metnaður, gagnsæi og aðhald), 8. mál.**
 - ii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar **frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál.**
 - iii. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar **um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 12. mál.**
 - iv. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar **um hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum. 171. mál.**
 - v. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til **þingsályktunar um byggingu hátæknisorbrennslustöðvar, 197. mál.**

- vi. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar **frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd, undanþágur frá samkeppnislöfum, verðjöfnunargjöld)**, 118. mál.
 - vii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um **endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldi, 93. mál.**
 - viii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til **þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar, 33. mál.**
 - ix. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar **frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum), 43. mál.**
 - x. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar **frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (niðurgreiðsla á raforku til garðyrkjubænda, 32. mál.**
 - xi. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar **tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál,**
- c. Umsagnir til skoðunar
- i. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja). [489/152 stjórnarfrumvarp: stjórn fiskveiða | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#) Dreift á Alþingi 9. febrúar s.l., bíður framsögu ráðherra.
 - ii. Frumvarp til laga um frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða er varðar sjávargróður var dreift á Alþingi þann 9. febrúar s.l. bíður framsögu ráðherra.
 - iii. [490/152 stjórnarfrumvarp: stjórn fiskveiða og lög um veiðigjald | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)
- d. Til upplýsingar um mál á Alþingi.
- i. Svar um fyrirspurn um fjarnám á vegum Háskóla Íslands. <https://www.althingi.is/altext/152/s/0451.html>

Gengið til dagsskrár

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um helstu verkefni frá síðasta fundi.

Til máls tóku auk framkvæmdastjóra; Elísabet Gunnarsdóttir.

2. Starfsmannamál – ráðning markaðsfulltrúa

Framkvæmdastjóri kynnti að 18 umsóknir hefðu borist í starf markaðsfulltrúa. Margir hæfir umsækjendur en alls voru fjórir umsækjendur boðaðir í viðtal. Niðurstaðan var að ráða Sölva Guðmundsson, Bolungarvík til starfans. Stjórn bauð nýjan starfsmann velkomin til starfa hjá Vestfjarðastofu.

3. Ársfundur Vestfjarðastofu

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að boðun framhaldsársfundar Vestfjarðastofu þann 17. mars n.k. í fjarfundum. Efni fundarins væri að ljúka umræðu um breytingu á samþykktum Vestfjarðastofu.

Til máls tóku auk framkvæmdastjóra. Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Þórir Guðmundsson, Elísabet Gunnarsdóttir.

Tillaga um boðun ársfundarins borinn upp og samþykkt samhljóða

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að boðun ársfundar Vestfjarðastofu fyrir árið 2021, fimmtudaginn 2. júní n.k. Dagskrá er samkvæmt samþykktum.

Enginn tók til máls.

Tillaga um boðun ársfundar borinn upp og samþykkt samhljóða.

4. Málþing um orkumál í kjölfar 67. Fjórðungsþings

Formaður gaf sviðsstjóra orðið. Sviðsstjóri kynnti minnisblað um orkuþing á grundvelli ályktunar 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Óskað er heimildar að boða orkuþing og skipulag þess verði tengt verkefnum Vestfjarðastofu og því er málið tekið upp á fundi stjórnar Vestfjarðastofu.

Til máls tóku; Kristján Jónsson og Aðalheiður Óskarsdóttir.

Eftirfarandi bókun borin upp og samþykkt samhljóða.

Stjórn samþykkir að halda málþing um raforkumál í framhaldi af 67. Fjórðungsþingi að vori og felur sviðsstjóra byggðamála hjá Vestfjarðastofu að undirbúa málþingið og leggja drög að dagskrá fyrir stjórn.

Fundur stjórnar FV

5. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2022

Formaður kynnti að hún, Daníel, Lilja og Sigríður hefðu unnið drög að tillögum að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2022 en alls eru 18,5 milljónir til ráðstöfunar.

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið til að kynna þessar tillögur.

Til máls tóku; Aðalheiður Óskarsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Þórir Guðmundsson.

Formaður bar upp tillögur að neðangreindum áhersluverkefnum, tillagan samþykkt samhljóða.

| Áhersluverkefni 2022 | | | | |
|----------------------|---|------------|-------------------------|------------|
| Númer | Heiti | Upphæð | Framkvæmda- aðili | Fjöldi ára |
| 2022 - 01 | Orkuskipti í höfnum | 6,000,000 | Blámi | 1 |
| 2022 - 02 | Bæjarmynd Bíldudals | 2,000,000 | Vesturbyggð | 1 |
| 2022 - 03 | Þróunarfélag áfangastaðarins Bolafjalls | 3,000,000 | Bolungarvíkurkaupstaður | 1 |
| 2022 - 04 | Ungmenni fyrir Vestfirði framtíðar | 1,500,000 | Vestfjarðastofa | 1 |
| 2022 - 05 | Menntastefna fyrir Vestfirði | 4,500,000 | Vestfjarðastofa | 1 |
| 2022-06 | Viðburðir á Vestfjörðum | 1,500,000 | Vestfjarðastofa | 1 |
| | | 18,500,000 | | |

6. Sértek verkfni sóknaráætlunarsvæða – C1

Lagt fram til kynningar yfirlit um undirbúning umsókna í C1 verkefni Byggðaáætlunar en það eru landshlutasamtök sveitarfélaga sem eru umsóknaraðilar.

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið, framkvæmdastjóri fór yfir efni umsókna sem Vestfjarðastofa ynni nú að fyrir Fjórðungssambandið. Sveitarfélögum hefði verið boðið að senda inn umsóknir en fram til dagsins í dag hefðu þau ekki nýtt sér það.

7. 67. Fjórðungsping Vestfirðinga

Formaður kynnti tillögu um að 67. Fjórðungsping Vestfirðinga að vori verði haldið á miðvikudaginn 6. apríl og þingið haldið á Patreksfirði.

Til máls tóku; Aðalheiður, Daníel og Jóhanna

Lagt til að fresta ákvörðun og tillaga verði send út í tölvupósti. Tillagan samþykkt

Shiran vék af fundi kl. 14:52

8. Lagt fram til kynningar

- a. Fundargerð 73. fundar stjórnar SSNV 1. febrúar 2022
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-73-fundar-stjornar-ssnv-1-februar-2022>
- b. Fundargerð – 34. fundar stjórnar SSNE 9. feb 2022 -
<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-35-fundur-9-februar-2022>
- c. 123. stjórnarfundur Austurbrúar 8. nóvember 2021 - https://austurbru.is/wp-content/uploads/2022/01/1_Austurbru-123_stjornarfundur.pdf
- d. 578. stjórnarfundur SASS. 4. feb 2022 - <https://www.sass.is/578-fundur-stjornar-sass/>
- e. 536. Stjórnarfundur SSH 07. feb 2022 -
<https://ssh.oneportal.is/MeetingSearch/DisplayMeeting.aspx?id=zyZ0ZFZBUUygGS12iMikpg1&text=>
- f. Fundargerð 78. fundar Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál 1. febrúar 2022 – í gögnum fundar

9. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir
 1. Samráðsgátt 21/2022. Umsögn varðandi áform um gerð frumvarps til breytinga á lögum um niðurgreiðslu húshitunar. Tillaga að umsögn hafði áður verið samþykkt í tölvupósti en óskast staðfest á fundinum. Tillagan samþykkt samhljóða.
Staða máls og umfjöllun má finna í Samráðsgátt
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3134](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3134)
 2. Mál 171 – þing 152, Umsögn, hringtenging rafmagns á Vestfjörðum. Tillaga að umsögn hafði áður verið samþykkt í tölvupósti og óskast staðfest á fundinum. Tillagan samþykkt samhljóða. Staða máls og

umfjöllun á Alþingi [Hringtenging rafmagns á Vestfjörðum | Þingmálalistar | Alþingi \(althingi.is\)](#)

b. Umsagnarbeiðnir

Sviðsstjóri lagði fram vinnuskjal varðandi afgreiðslu umsagnarbeiðnir

- i. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til **frumvarp til laga um breytingu á loftslagsmál (aukinn metnaður, gagnsæi og aðhald), 8. mál.** <https://www.althingi.is/altext/152/s/0008.html> Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ekki markað loftlagsstefnu og ekki hefur verið ályktað um málið á vettvangi Fjórðungssambands. Lagt til að skila ekki umsögn. Áður kynnt í tölvupósti til stjórnar að skila ekki umsögn. Tillagan samþykkt samhljóða
- ii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar **frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál.** Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0188.pdf> Áður kynnt í tölvupósti til stjórnar að skila ekki umsögn. Tillagan samþykkt samhljóða.
- iii. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar **um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 12. mál.** <https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0012.pdf> Málið varðar hagsmuni sveitarfélaga og telja má jákvætt það verði samþykkt og engar sérstakar athugasemdir við efni þess og því ekki ástæða til að skila umsögn. Áður kynnt í tölvupósti til stjórnar að skila ekki umsögn. Tillagan samþykkt samhljóða.
- iv. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar **um hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum. 171. mál.** Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/152/s/0173.html> Umsögn hefur verið samþykkt fyrr á fundinum, sja 2. lið a. hluta dagskrárliðar Umsagnir.
- v. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til **þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar, 197. mál.** Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 22. febrúar nk. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/152/s/0206.html> Málið varðar hagsmuni sveitarfélaga. Unnið hefur verið að málinu á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við umhverfisráðuneytið undir verkefninu Skör ofar. Talið er að málið sé í ásættanlegum farvegi og lagt til að skila ekki umsögn um málið. Tillagan samþykkt.
- vi. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar **frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd, undanþágur frá**

samkeppnislöfum, verðjöfnunargjöld), 118. mál:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0118.pdf>

Málið varðar atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum en ekki hefur verið fjallað um það á vettvangi Fjórðungssambands. Lagt til að skila ekki umsögn um málið. Tillaga samþykkt samhljóða.

- vii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um **endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldi, 93. mál.** : <https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0093.pdf>
Lögð fram tillaga að umsögn.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því Alþingis að samþykkja efni þingsályktunarinnar en gerð verði breyting á efni hennar er varðar skipan starfshóps og skipulag á vinnu starfshóps.

Skipan starfshóps; að auk fulltrúa ráðuneyta verði skipaðir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga sem eiga land að sjó þar sem heimilt er að ala laxfiska í sjókvíum. En á vettvangi sveitarfélaga hafa verið lagðar fram mótaðar tillögur að breytingum á laga og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis á grundvelli þeirrar reynslu sem sveitarfélögin hafa af fiskeldi.

Skipulag á vinnu starfshóps. Umfjöllun málsins verði skipt upp, annarsvegar verði lokið við skýrslu starfshópsins á fyrri hluta þessa árs. Drög að breytingum á lögum og eftir atvikum reglugerðum verði kynntar í Samráðsgátt um mitt ár og tillögur að breytingum á lögum verði lagðar fram við upphaf 153. löggjafarþings. Gefið verði þannig færi á að fjalla efni málsins á Alþingi samhlíða s.s. við umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2023 og þingsályktunar um Byggðaaætlun. Gildistaka breyttra laga miðist við komandi áramót eða fyrri hluta árs 2023.

Stjórn Fjórðungssambands vekir síðan athygli atvinnuveganefndar á efni ályktunar 66. Fjórðungþings Vestfirðinga. Ályktun um gjaldtöku í fiskeldi.

- viii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til **þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, 33. mál.**

<https://www.althingi.is/altext/152/s/0033.html>

Stjórn telur málið jákvætt fyrir sveitarfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum, ekki síst ferðaþjónustu. Málið fái sinn gang á Alþingi og kalli ekki á umsögn. Tillagan samþykkt samhljóða.

- ix. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar **frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari**

breytingum (farsímasamband á þjóðvegum), 43. mál.

<https://www.althingi.is/altext/152/s/0043.html>

Lögð fram tillaga að umsögn.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því Alþingis að samþykkja efni þingsályktunarinnar. Stjórn beinir því einnig til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis, að við umfjöllun um málið verði skoðað hvort ná megi einnig bættum gagnaflutningum og útvarpssendingum á vegum og jarðgöngum, samhliða aðgerðum við úrbætur á farsímasambandi. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vekur einnig athygli á að til umsagnar er nú að hálfu Fjarskiptastofnunar, til 8. mars n.k., beiðni fjarskiptafyrirtækja um að leggja af 2G og 3G þjónustu á árunum 2024 og 2025. En þannig er víða á hátt að á Vestfirðum að þar sem fjarskiptasamband er lélegt þá hafa verið bjargir af því að hafa 2G og 3G þjónustu. Gefur auga leið að ekki er forsvaranlegt að leggja af slíka þjónustu ef önnur og betri er ekki kominn hennar í stað. Vakin er síðan athygli á ályktun 66. Fjórðungþings Vestfirðinga um öryggismálum á vegum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

- x. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar **frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (niðurgreiðsla á raforku til garðyrkjubænda, 32. mál.:**

<https://www.althingi.is/altext/152/s/0032.html>

Lögð fram tillaga um að ekki verði gerð umsögn við málið. Tillagan samþykkt samhljóða. Stjórn felur Vestfjarðastofu að gylgst verði með framvindu málsins í ljósi þess að staða atvinnurekenda í dreifbýli sífellt erfiðari vegna kostnaðar við dreifingu og hækkun orkuverðs

- xi. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar **tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál,** þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 25. febrúar nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is:

<https://www.althingi.is/altext/152/s/0468.html>

Kynnt að þingsályktunin sama efnis “Rammaáætlun 3” væri nú að koma fram í fjórða sinn og nær óbreytt frá síðasta þingi þ.e. fækkað hefur verið virkjanakostum í verndarflokki vegna friðunar landsvæða, tillögur í biðflokk og nýtingarflokk væru óbreyttar. Í framsögu ráðherra og fulltrúa ríkisstjórnarflokka að fjallað yrði málið á grundvelli ríkisstjórnarsáttamála “Kostum í biðflokk verði fjölgað”.

Lögð fram tillaga um að leggja fram ályktun 66. Fjórðungsþings “Ályktun um orkumál” og óska eftir að koma að nýju að málinu þegar nánar liggur fyrir um hvernig fjölga eigi virkjanakostum í biðflokk. Vísa síðan til

greinargerðar sem send var með umsögn um málið á síðasta þingi.
Tillagan samþykkt samhljóða.

c. Umsagnir til skoðunar

- i. Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja). [489/152 stjórnarfrumvarp: stjórn fiskveiða | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#) Dreift á Alþingi 9. febrúar s.l., bíður framsögu ráðherra.
- ii. Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða er varðar sjávargróður var dreift á Alþingi þann 9. febrúar s.l. bíður framsögu ráðherra.
[490/152 stjórnarfrumvarp: stjórn fiskveiða og lög um veiðigjald | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)

Tillaga lögð fram um gerð umsagnar um bæði þessi mál á grundvelli ályktunar 66. Fjórðungspings Vestfirðinga „Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna“. Tillaga að umsögn verði lögð fram á næsta stjórnarfundum eða í tölvupósti ef umsagnarfrestur er skemmri en dagsætning stjórnarfundar. Tillagan samþykkt samhljóða.

d. Til upplýsingar um mál á Alþingi.

- i. Lagt fram til kynningar svar um fyrirspurn á Alþingi um fjarnám á vegum Háskóla Íslands.
<https://www.althingi.is/altext/152/s/0451.html>
Tillaga lögð fram ræða efni fyrirspurnar og svars við henni á næsta stjórnarfundum. Tillagan samþykkt samhljóða.

Formaður kynnti að ekki lægju fleiri mál fyrir fundinum, þakkaði fyrir góðar umræður og sleit fundi kl 15.50